



Heilbrigðis- og trygginganefnd
Alþingi
150 R.

UNIVERSITY OF ICELAND
DEPARTMENT OF PHARMACY
HAGI, HOFVALLAGATA 53
IS-107 REYKJAVÍK, ICELAND
TEL.: 354 525 4000
FAX: 354 525 4071

Alþingi
Erindi nr. P 125/1640
komudagur 18-4. 2000

18. apríl 2000

Við höfum fengið til umsagnar frumvarp til lyfjalaga og almannatrygginga, og fylgja athugasemdir okkar hér að neðan.

2. gr.

Rætt er um skipan og hlutverk forstjóra Lyfjamálastofnunar, en engin hæfisskilyrði fylgja. Það er álit okkar að brýnt sé, að aðili, sem er í forsvari fyrir stofnun sem hefur hlutverk skv. skilgreiningu í 3. gr. laganna, sé lyfjafræðimenntaður. Þótt sérfræðingar starfi á vegum Lyfjamálastofnunar er mikilvægt að sá sem stýrir stofnuninni hafi yfirsýn og þekkingu á lyfjum, hvað varðar lyfjaframleiðslu, lyfjaefnafræði, verkun lyfja á líkamann, aukaverkanir, víxlverkanir, frásog lyfja og dreifingu, umbrot lyfja, stöðugleika lyfja sem og gæðæftirlit á hráefnum, framleiðslu og fullbúnum lyfjum.

20. gr.

Starfandi lækna, tannlækna og dýralækna mega ekki vera eigendur að svo stórum hluta í lyfsölu, lyfjaframleiðslu eða lyfjaheildsölu að það hafi teljandi áhrif á fjárhagslega afkomu þeirra. Sama gildir um maka þeirra, svo og börn undir 18 ára aldri.

Samkvæmt þessu væri lyfjafræðingur sem ætti lækni, tannlækni eða dýralækni fyrir maka útilokaður frá að því að vera eigandi/hluteigandi apóteks, lyfjaframleiðslufyrirtækis eða lyfjaheildsölu. Ekki getur talist eðlilegt að starfsvettvangur lyfjafræðings takmarkist vegna starfa maka hans með þessum hætti.

22. gr.

..Lyfsöllum er jafnframt skylt að afhenda Tryggingastofnun ríkisins rafrænar upplýsingar um afgreiðslu lyfja er almannatryggingar taka þátt í að greiða...

Þótt síðar í greininni sé kveðið á um samþykki tölvunefndar, er brýnt að tryggja að virkt eftirlit verði haft með allri meðferð upplýsinga um lyfjanotkun einstaklinga, enda oft um mjög viðkvæmar persónuupplýsingar að ræða.

23. gr.

.. að jafnaði vera að störfum eigi færri en tveir lyfjafræðingar við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja.

Ástæða er til að fagna nýjum málsliðum, einkum varðandi starfslýsingu lyfjafræðings í lyfjabúðum. Það vill brenna við, að rekstraraðilar lyfjabúða geri sér ekki grein fyrir mikilvægi þess að lyfjafræðingar sinni upplýsingagjöf um lyfjanotkun og meðhöndlun lyfja og því mjög til bóta að fá ákvæði um þessa starfsþætti í lyfjalögum.

24. gr.

Fjallað er um hæfisskilyrði forstöðumanns lyfjaheildsölu, að hann skuli vera lyfjafræðingur *eða annar sá sem að mati Lyfjamálastofnunar uppfyllir eigi minni menntunarkröfur.*

Þarna er breyting frá ákvæðum núgildandi laga sem okkur finnst miður. Innan fræðasviðsins lyfjafræði (pharmacy) er í háskólanámi fjallað um alla höfuðþætti er lúta að lyfjum og lyfjanotkun, þar á meðal uppruna virkra lyfjaefna og hjálparefna, framleiðslu lyfjaforma (töflur, hylki, stungulyf, o.fl.) úr virkum lyfjaefnum og hjálparefnum, notkun lyfja við meðhöndlun sjúkdóma, verkun lyfja á mannslíkamann (pharmacology), frásog, dreifingu, umbrot og útskilnað lyfja úr líkamanum. Ennfremur er fjallað um samfélagslega þætti, svo sem lyfjanotkun sjúklunga, siðfræði og upplýsingamiðlun. Markmið háskólanáms í lyfjafræði er að nemendur séu að námi loknu hæfir til að stunda öll almenn lyfjafræðistörf; í lyfjabúðum, lyfjagerðum, lyfjaiðnaði, lyfjaheildsölum, á sjúkrahúsum og við rannsóknir.

Af ofansögðu má ljóst vera, að lyfjafræðimenntun fæst með því að stunda mjög sérhæft háskólanám, og að ekki er hægt að líkja lyfjafræðinámi við annað háskólanám, jafnvel þótt um sé að ræða jafnlangt nám í árum talið. Að okkar mati er mikilvægt að forstöðumaður lyfjaheildsölu hafi djúpa og víðtæka þekkingu á lyfjum og sé lyfjafræðimenntaður.

29. gr.

Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Tryggingastofnunar ríkisins, fjármálaráðuneytis, landlæknis og læknadeildar H.Í.

Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er tekið fram að nefndarstarfið skuli byggt á vinnu fagmanna á sviði læknisfræði, lyfjafræði og fjármála. Samkvæmt drögum sem nú liggja fyrir að reglugerð um Háskóla Íslands, er gert ráð fyrir að lyfjafræði lyfsala, sem í dag tilheyrir læknadeild, verði sjálfstæð deild, Lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Í samræmi við það væri eðlilegt að fagmaður nefndarinnar í lyfjafræði væri skipaður af Lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. kennara í lyfjafræði,

Kristín Ingólfssdóttir
Formaður stjórnarnefndar lyfjafræði lyfsala
Háskóla Íslands